

Jóhann Már Sigurbjörnsson

Lífeyrissjóður bænda
Stórhöfða 23
110 Reykjavík

Reykjavík, 1. maí, 2021

Ég leyfi mér hér með að sækja um og bjóða mig fram í aðalstjórn Lífeyrissjóðsbænda, kjörtímabilið 2021-2025, sem auglýst var á vefsetri LSB. Ég sæki um þetta starf vegna þess að ég hef mikinn áhuga og hef reynslu af ýmsum félagsmálum og stjórnun þeirra.

Ég hef starfað fyrir Bændasamtök Íslands frá árinu 2007, sem kerfisstjóri og er einnig menntaður viðskiptafræðingur (BSc) frá Háskólanum í Reykjavík og síðar MBA frá Háskóla Íslands. Þá er hef ég einnig setið sem varamaður í stjórn LSB (2019 – 2021).

Ég hef sótt ýmiss námskeið á vegum MBA félagsins og í framhaldi er ég að leita mér af verkefnum þar sem menntun, þekking og reynsla mín nýtist. Í dag sit ég í trúnaðarráði VR og er þetta fimmta tímabilið sem ég sit þar og með því frábæra fólki sem þar starfar og leggur á sig ómælda vinnu til hagsbóta fyrir hinn almenna félagsmann VR. Þá hef ég setið sem varamaður í stjórn VR eitt kjörtímabil.

Ég hef kynnt mér og uppfylli hæfisskilyrði 31. Gr. laga nr. 129/1997 og er tilbúinn að gangast undir hæfismat FME. Ég tel mig vera óháðan og byggi ákvarðanir mínar á faglegu mati hverju sinni, miðað við þær upplýsingar sem liggja fyrir. Ég skora hátt þegar kemur að störfum í hóp og tel mig vera á heimavelli í slíku umhverfi.

Ég hef unnið í verkefnum þar sem trúnaður og meðferð með viðkvæm gögn er skilyrði og tel mig vera traustan aðila þegar halda þarf trúnaði um ákveðin málefni.

Virðingarfyllt,

Jóhann Már Sigurbjörnsson
MBA / BSc Viðskiptafræði / Tölvufræðingur